

# Ábyrgðartrygging vegna bráðamengunar

Skilmáli nr. A-6

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 33/2004 sbr. 1. mgr. 2 gr. reglugerðar nr. 1078/2005.

Um váttrygginguna gilda váttryggingaskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í almennum skilmálum ganga framur ákvæðum þessara skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Í skilmálanum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

## 1. kafli. Bótasvið og almennir skilmálar

### 1. gr. Hverjir eru váttryggðir?

Váttryggingartaki og launþegar í þjónustu hans eru váttryggðir.

### 2. gr. Bótasvið

2.1 Váttryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar váttryggðs vegna bráðamengunar samkvæmt 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og strandar, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 1078/2005 um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar. Váttryggingin tekur einnig til kostnaðar váttryggðs af ráðstöfunum til að takmarka eða koma í veg fyrir frekara tjón.

2.2 Þessi váttrygging er viðauki við ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar og nær eingöngu til atvika sem falla utan gildissviðs þeirrar váttryggingar.

### 3. gr. Landfræðilegt gildissvið

Váttryggingin gildir á Íslandi og í mengunarlögsögu Íslands.

### 4. gr. Almennar undantekningar vegna skemmda á munum

Váttryggingin tekur ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna, sem:

4.1 váttryggður á einn eða með öðrum;

4.2 váttryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal munir, sem váttryggður hefur tekið í heimildarleysi;

4.3 váttryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.

### 5. gr. Aðrar almennar undantekningar

Váttryggingin tekur ekki til:

5.1 almenns fjártjóns, þ.e. tjóns sem telst ekki vera beint tjón eða skaði á mönnum, dýrum, lífríki, jarðvegi og efnislegum verðmætum;

5.2 tjóns sem hlýst af því, að söluvara berst viðtakanda ekki, eða ekki í tæka tíð, eða greiðsla er ekki innt af hendi á réttum tíma;

5.3 tjóns sem hlýst af eldsvoða;

5.4 tjón af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. sýkla og veira.

5.5 tjóns er leiðir af hvers kyns meðhöndlun á asbest (Asbestos).

5.6 tjóns sem ekki er skilgreint sem bráðamengun, svo sem úrbætur og tjón er leiða af langvarandi mengunarástandi.

### 6. gr. Undanskildar áhætta, sem váttryggja má sérstaklega gegn greiðslu viðbótariðgjalds

Félagið greiðir ekki skaðabótakröfu, sem fellur á váttryggðan sem eiganda eða notanda skráningarskylds ökutækis, loftfars, skips, báts eða annarra farartækja nema um annað sé samið og slíkt sé áritað á skírteini.

### 7. gr. Ásetningur og stórkostlegt gáleysi

7.1 Félagið öðlast rétt þriðja aðila að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur

7.2 Félagið getur endurkræfið váttryggðan eða starfsmenn hans, sem gegna ábyrgðarstöðum hjá honum, um allt tjónið hafi þeir valdið tjóninu af ásetningi. Hafi sömu aðilar valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi má einnig endurkræfja þá um tjónið í heild eða að hluta.

7.3 Félagið á ætíð endurkröfurétt á hendur váttryggingartaka hafi félagið greitt bætur eftir að váttrygging er fallin niður

### 8. gr. Sektir

Félagið greiðir ekki bætur vegna sekta eða annarra refsiviðurlaga.

### 8. gr. Váttryggingartími

Komi afleiðingar atviks, sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á váttryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en váttryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið samt sem áður bætur. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón vegna atviks, sem varð, áður en váttryggingartíminn hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á váttryggingartímanum.

### 9. gr. Váttryggingarfjárhæð

9.1 Váttryggingarfjárhæð takmarkast við eina milljón SDR (Special Drawing Rights) vegna hvers váttryggingaratburðar og samanlagt vegna allra váttryggingaratburða á hverju váttryggingartímabili.

9.2 Félagið greiðir vexti af bótafjárhæð og kostnað, sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um skaðabótaskyldu váttryggðs, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr váttryggingarfjárhæðinni. Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar, greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta, er svarar til váttryggingarfjárhæðarinnar.

- 9.3 Í hverju tjóni ber váttryggður eigin áhættu sem kemur fram á skírteini eða endurnýjunarkvittun. Eigin áhætta váttryggðs hefur ekki áhrif á rétt þriðja manns (tjónþola) til bóta úr váttryggingunni.
- 10. gr. Varúðarreglur- áhættuaukning**
- 10.1 **Váttryggingartaka og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.**
- 10.2 **Iðgjald þessarar váttryggingar fer eftir notkun váttryggðs hlutar og/eða starfsemi sem sem váttryggður starfar við og gefnar eru upplýsingar um við váttryggingartöku. Sé tiltekin ákveðin notkun/starfsemi á hinu váttryggða á váttryggingarskírteini og notkun/starfsemi breytist ber váttryggðum og/eða þeim sem réttar njóta samkvæmt váttryggingu þessari að tilkynna félaginu það jafnskjótt og þeim er kunnugt um breytinguna. Misbrestur á því getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins skv. 25. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.**
- 10.3 **Varúðarregla: Váttryggðum er skylt að gæta þess, að við stjórn vinnuvéla og annarra tækja séu ekki aðrir starfsmenn en þeir, sem hafa lögskilin réttindi og hæfni til að stjórna slíkum tækjum.**
- 10.4 **Varúðarregla: Váttryggðir skulu vera í líkamlegu ástandi til þess að geta rækt störf sín örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja**
- 10.4 **Varúðarregla: Áður en hafinn er gröftur í jörðu, borvinna eða sögun í húsum eða utanhúss, skulu váttryggður og starfsmenn hans kynna sér legu á leiðslum, strengjum og öðrum lögnum, þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.**
- 11. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu**
- 11.1 Jafnskjótt og váttryggingartaki fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.
- 11.2 Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum váttryggða hefur félagið fyrirvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.
- 11.3 Félagið er ekki bundið af því ef váttryggður viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að váttryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkennði réttmæti kröfunnar.
- 12. gr. Útreikningur iðgjalds – endurgreiðsla iðgjalds**
- Þegar iðgjaldið reiknast af breytilegum stærðum (svo sem veltu, vinnulaunum, fjölda starfsmanna, véla eða tækja) skal áætla iðgjald í upphafi váttryggingartímabils, en endanlegt iðgjald greiðist við lok þess. Innan eins mánaðar frá lokum váttryggingartímabilsins er váttryggðum skylt að láta félaginu í té allar þær upplýsingar sem það telur nauðsynlegar til endanlegrar ákvörðunar iðgjalds. Berist upplýsingar þessar ekki í tæka tíð, má félagið ákveða endanlegt iðgjald eins og það telur sanngjarnt. Ef endanlegt iðgjald er hærra en bráðabirgðaiðgjald sem reiknað var, ber váttryggingartaka að greiða mismuninn innan 14 daga frá því að þess var krafist. Sé endanlegt iðgjald lægra en bráðabirgðaiðgjaldið, ber félaginu að endurgreiða mismuninn innan 14 daga, frá því að útreikningur gat farið fram.
- 13. gr. Samsömun**
- Félaginu er heimilt að bera fyrir sig að starfsmenn váttryggingartaka hafi brotið gegn ákvæðum váttryggingarinnar skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 14. gr. Heimili – Varnarþing – Ágreiningur**
- Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Tjónanefndar váttryggingafélaganna eða Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndir þessar og starfshætti má fá hjá félaginu. Einnig er heimilt að leggja fyrir umhverfisráðherra til úrskurðar ágreining um það hvort atvik, sem tjón er rakið til, teljist vera bráðamengun, sbr. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1078/2005. Mál sem kunna að rísa vegna þessa váttryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmáli þessi gildir frá 01.01.2019